

# **Fljótsdalshreppur**

---

Endurskoðunarskýrsla

---

**2012**

## Efnisyfirlit

1. Endurskoðun á ársreikningi .....	1
1.1 Ársreikningur.....	1
1.2 Samstarf við stjórnendur og starfsmenn.....	1
1.3 Umfang og framkvæmd endurskoðunar .....	1
1.4 Áhættumat og endurskoðunaraðferð .....	1
1.5 Innra eftirlit .....	1
1.6 Sérstakar athugasemdir .....	3
2. Skýringar og ábendingar .....	3
2.1 Rekstrarreikningur .....	3
2.2 Efnahagsreikningur .....	3
2.3 Yfirlit um sjóðstreymi .....	3
3. Fjárhagsleg þróun .....	4
4. Skattamál .....	4
5. Aðrar upplýsingar .....	4
5.1 Staðfestingarbréf stjórnenda og óleiðréttar skekkjur í ársreikningi .....	4
5.2 Bókhald og geymsla á bókhaldsgögnum .....	5
5.3 Önnur verkefni.....	5
5.4 Skyldur stjórnar .....	5
6. Niðurstaða .....	5

## 1. Endurskoðun á ársreikningi

### 1.1 Ársreikningur

Við höfum lokið endurskoðun á samstæðuársreikningi Fljótisdalshrepps fyrir árið 2012 sem lagður er fram af stjórnendum sveitarfélagsins. Samkvæmt ársreikningi er afkoma, heildareignir og eigið fé eftirfarandi:

Afkoma ársins .....	kr. (7.482.833)
Heildareignir .....	kr. 891.696.970
Eigið fé .....	kr. 828.394.652

### 1.2 Samstarf við stjórnendur og starfsmenn

Við færum starfsmönnum sveitarfélagsins, sem veitt hafa okkur aðstoð og upplýsingar, þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum stjórn sveitarfélagsins fyrir samstarfið á árinu.

Hafa ber í huga að starf okkar er þess eðlis að við horfum meira á þá þætti í rekstri sveitarfélagsins sem betur mættu fara en þá sem eru í ágætu horfi. Starfsfólk sveitarfélagsins veitti okkur alla þá aðstoð sem við óskuðum eftir og brást vel við ábendingum okkar og athugasemdum. Færum við því bestu þakkir fyrir gott samstarf.

### 1.3 Umfang og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunar er að sannreyna að reikningsskilin séu gerð í samræmi við ákvæði laga og reglna um reikningsskil sveitarfélaga.

Í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla hefur höfuðáhersla verið lögð á að skoða þá reikningsliði og innri eftirlitsþætti þar sem hættu á verulegum villum er mest.

Við endurskoðun á ársreikningnum höfum við sannreynt að eignir séu fyrir hendi og í eigu félagsins og að þær séu metnar í samræmi við gildandi lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við höfum einnig sannreynt að skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig höfum við yfirfarið lotun reikningsliða og að framsetning þeirra í ársreikningnum sé réttmæt.

Við höfum yfirfarið ársreikninginn í heild, þ.m.t. hvort upplýsingar í skýrslu stjórnar og skýringum séu nægjanlegar og í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Stjórnendur hafa undirritað sérstakt staðfestingarbref til að staðfesta ýmsar upplýsingar í tengslum við reikningsskilin sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti. Dæmi um slíkt eru ábyrgðarskuldbindingar, málaferli sem geta haft áhrif á reikningsskilin og reikningsliðir sem fylgir sérgreind áhætta varðandi mat og framsetningu.

### 1.4 Áhættumat og endurskoðunaraðferð

Endurskoðun okkar byggist á aðferðafræði sem þróuð er af Deloitte og byggist á alþjóðlegum stöðlum um endurskoðun ISA. Endurskoðunaraðferðin á að tryggja að endurskoðunin beinist sérstaklega að mikilvægustu og áhættusömustu þáttum í rekstri og starfsemi sveitarfélagsins sem áhrif hafa á ársreikning þess.

### 1.5 Innra eftirlit

Stjórnendur sveitarfélags bera ábyrgð á að eftirlit með starfsemi, bókhaldi og fjármunum sveitarfélagsins sé nægilegt og viðeigandi í samræmi við stærð og starfsemi þess. Þetta eftirlit er hluti af því sem gjarnan er nefnt innra eftirlit. Í innra eftirliti felast allar þær aðgerðir, sem stjórnendur viðhafa til stjórnar sveitarféluginu og miða að því að sett markmið stjórnenda í rekstri náist. Mikilvægur þáttur innra eftirlits er að skipulag og starfsreglur tryggi örugga og markvissa

bókhaldsskráningu, varðveislu eigna félagsins og komi í veg fyrir tjón vegna mistaka eða misferlis. Viðeigandi innra eftirlit hvers félags ræðst af uppbyggingu og umfangi rekstrar þess. Við viljum vekja athygli á tveimur mikilvægum eftirlitsþáttum, sem almennt eiga við um flest félög. Annarsvegar er það aðskilnaður bókhalds og fjárreiðustarfa, og hinsvegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggja áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila. Þessar eftirlitsaðgerðir geta, séu þær virkar, dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögmatra athæfa.

Við endurskoðun á ársreikningnum höfum við sannreynt að eignir séu fyrir hendi og í eigu sveitarfélagsins og að þær séu metnar í samræmi við gildandi lög. Við höfum einnig sannreynt að skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig höfum við yfirfarið lotun reikningsliða og að framsetning þeirra í ársreikningnum sé réttmæt.

Við höfum yfirfarið ársreikninginn í heild, þ.m.t. hvort upplýsingar í skýrslu stjórnar og skýringum séu nægjanlegar og í samræmi við lög og reglur.

Stjórnendur sveitarfélags bera ábyrgð á að eftirlit með starfsemi, bókhaldi og fjármunum sveitarfélagsins sé nægilegt og viðeigandi í samræmi við stærð og starfsemi þess. Þetta eftirlit er hluti af því sem gjarnan er nefnt innra eftirlit. Í innra eftirliti felast allar þær aðgerðir, sem stjórnendur viðhafa til stjórnar sveitarfélaginu og miða að því að sett markmið stjórnenda í rekstri náist, skilvirkni í starfseminni, áreiðanleiki upplýsinga og samkvæmni við lög og reglur. Mikilvægur þáttur innra eftirlits er að skipulag og starfsreglur tryggji örugga og markvissa bókhaldsskráningu, varðveislu eigna sveitarfélagsins og komi í veg fyrir tjón vegna mistaka eða misferlis. Innra eftirlit getur stuðlað að því að sveitarfélag nái markmiðum sínum og komi í veg fyrir að verðmæti spillist eða fari forgörðum.

Innra eftirlit er mótað af fólki og birtist meðal annars í verklagsreglum sveitarfélagsins, siðareglum og starfsmannastefnu. Það hvílir öðru fremur hjá starfsmönnum þó endanleg ábyrgð sé hjá stjórnendum og er mótað af því umhverfi sem endurspeglast í stjórnskipulagi og stjórnunarháttum sveitarfélagsins.

Innra eftirliti er hægt að greina í fimm meginþætti sem eru innbyrðis tengdir og endurspeglar stjórnun sveitarfélagsins, eftirlitsumhverfi, áhættumat, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti og stjórnendaefftirlit.

Við bendum á að það er hlutverk stjórnenda sveitarfélagsins að sjá um skráningu verkferla og um leið að hafa umsjón með hönnun og innleiðingu á innra eftirliti með hverjum þeirra. Við leggjum áherslu á að innra eftirlit á að vera samtvinnað eðlilegri starfsemi sveitarfélagsins og hluti af starfsháttum þess en ekki byrði á annars eðlilegum umsvifum.

Áhættumat er einn þáttur innra eftirlits og um leið grundvöllur að hönnun þess. Áhættumatið þarf hvort tveggja að beinast að öryggi fjárhagsupplýsinga og svo þeirri áhættu innan sveitarfélagsins sem utan sem gæti tafið eða hindrað það í að ná markmiðum sínum. Skilgreining markmiðanna er forsenda þess að hægt sé að meta áhættuna.

Áhættugreining á ekki að vera reglubundin aðgerð heldur hluti af stöðugu eftirliti stjórnenda og starfsmanna.

Kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggja áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Þessar eftirlitsaðgerðir geta, séu þær virkar, dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögmatra athæfa. Deloitte kannaði sérstaklega þennan þátt eftirlits eins og á fyrra ári.

Við vekjum athygli á að innra eftirlit sveitarfélagsins hvað varðar aðgreiningu starfa við bókhald og fjárreiður annars vegar og samþykki útgjalda hins vegar er að okkar mati ekki nægilega skilvirkt, en gerum okkur grein fyrir að erfitt er að koma breytingum við vegna þess hve starfsmenn eru fáir.

## 1.6 Sérstakar athugasemdir

Almennt eru kostnaðarskjöl í bókhaldi sveitarfélagsins samþykkt skriflega. Við leggjum mikla áherslu á að öll kostnaðarskjöl sveitarfélagsins séu samþykkt með skýrum og greinilegum hætti af þar til bærum aðila. Þetta á einnig við um kostnaðarskjöl frá Fljótsdalshéraði vegna samreksturs sveitarfélaganna.

Við ítrekum mikilvægi þess að ávallt séu fullnægjandi bókhaldsskjöl bak við einstök útgjöld og færslur í bókhaldi sveitarfélagsins. Skýrleiki gagna og góður rekjanleiki milli bókhaldsskjala og bókhalds skipta miklu máli. Við teljum unnt að bæta bókhald sveitarfélagsins að þessu leyti.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 61. gr. Sveitarstjórnarlaganna eiga ársreikningar sveitarfélaga að vera tilbúnir til fyrri umræðu fyrir 15. apríl, og til seinni umræðu fyrir 15. maí ár hvert. Mikilvægt er að farið sé að þessum ákvæðum laganna.

Þegar samþykkt eru útgjöld sem eru umfram fjárhagsáætlun, er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn séu upplýstir um það sérstaklega. Samþykkja þarf þá viðauka við fjárhagsáætlun svo heimild sé til staðar fyrir útgjöldunum.

## 2. Skýringar og ábendingar

### 2.1 Rekstrarreikningur

Við höfum meðal annars unnið greiningu á liðum rekstrarreiknings og borið saman við fyrri ár og áætlun vegna ársins.

Augljóslega er nokkur munur á einstökum rekstrarliðum milli ára, og einnig frá fjárhagsáætlun, en eðlilegar skýringar eru á þeim mismunum.

Við getum ekki látið hjá líða að hvetja forráðamenn Fljótsdalshrepps til að sýna varkárni og aðgæslu í sambandi við vörslu fjármuna sveitarfélagsins, einkum peningalegra eigna, hér eftir sem hingað til.

### 2.2 Efnahagsreikningur

Vakin er athygli á niðurfærslu útistandandi eftiráálagningar útsvars, en eftirstöðvarnar eru færðar niður um ca. 50%. Eftirstöðvar þessarar eftiráálagningar hafa þó lækkað verulega frá fyrri árum, enda eru nú áhrif aðkomumanna við byggingu Kárahnjúkavirkjunar gengin yfir. Engu að síður er þessi liður að mestum hluta byggður á áætlunum skattfyrvalda, og því nauðsynlegt að viðhalda hárrí niðurfærslu að þessu leyti.

Þá er og vakin athygli á eignfærslu ýmissa stofnframlaga, samtals að fjárhæð 3,6 millj. kr. Þessir liðir voru eignfærðir fyrir allmörgum árum, og hefur ekki verið við þeim hróflað. Samkvæmt reglum um reikningsskil sveitarfélaga ber hins vegar að gjaldfæra framlög sem þessi, enda mynda þau ekki sjálfstæða eign.

Meðal veltufjármuna er eignfærð inneign í virðisaukaskatti upp á rúmar 24 milljónir sem er til komin að mestu leiti vegna vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað við Laugafell. Ríkisskattstjóri hefur enn ekki afgreitt umsókn sveitarfélagsins um endurgreiðslu virðisaukaskattsins þar sem Laugafellsskálinn sést ekki á fasteignamati undir Fljótsdalshreppi.

### 2.3 Yfirlit um sjóðstreymi

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 hefur ekki gengið eftir á öllum liðum, ekki er um mikið misræmi á milli liða að ræða. Veltufé frá rekstri er 2 milljónum hærra en ráð var fyrir gert. Fjárfestingar eru vel innan þeirra marka sem ráð var fyrir gert.

### 3. Fjárhagsleg þróun

Við vísum til lykiltalna sem er að finna í skýringu 12 með ársreikningnum.

### 4. Skattamál

Sveitarfélagið er undanþegið tekjuskatti eins og önnur slík.

### 5. Aðrar upplýsingar

#### 5.1 Staðfestingarbréf stjórnenda og óleiðréttar skekkjur í ársreikningi

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2012 hafa stjórnendur sveitarfélagsins staðfest í sérstöku staðfestingarbréfi að eftirfarandi fullyrðingar eru samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu:

1. Það er á ábyrgð okkar að hanna og innleiða innra eftirlit og að fylgja því eftir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur.
2. Við höfum kynnt fyrir ykkur niðurstöður mats okkar á hættunni á að ársreikningurinn innihaldi verulegar skekkjur vegna sviksemi.
3. Við höfum ekki orðið varir við nein mikilvæg atriði sem bent gætu til svika eða vakið grunsemdir um sviksemi sem gætu tengst
  - a. stjórnendum,
  - b. starfsmönnum sem hafa með höndum mikilvæg störf sem snúa að innra eftirliti eða
  - c. öðrum sem geta haft umtalsverð áhrif á ársreikninginn.
4. Við höfum ekki orðið varir við neinar ásakanir starfsmanna, fyrrverandi starfsmanna eða annarra um sviksemi, eða grun um sviksemi, sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
5. Í ársreikningnum eru engar verulegar skekkjur, þ.m.t. skekkjur vegna vanrækslu eða yfirsjónar.
6. Við höfum veitt ykkur aðgang að bókhaldi sveitarfélagsins og öðrum gögnum sem þið hafið óskað eftir. Við höfum einnig tryggt að þið hafið haft aðgengi að því starfsfólki innan sveitarfélagsins sem þið tölduð nauðsynlegt vegna starfa ykkar. Auk þess höfum við veitt ykkur aðgang að fundargerðum bæjarstjórnar og bæjarráðs frá upphafi reikningsársins til þessa dags.
7. Öll viðskipti á reikningsárinu hafa verið færð í bókhald sveitarfélagsins og koma fram í ársreikningnum. Þau hafa verið í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum sveitarfélagsins.
8. Í ársreikningnum eru veittar fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
9. Við höfum ekki orðið varir við nein lögbrot starfsmanna, sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti eða gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
10. Við höfum veitt ykkur upplýsingar um öll brot eða möguleg brot á lögum og reglugerðum sem geta varðað ársreikninginn og haft áhrif á gerð hans.
11. Sveitarfélagið hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem skýrt er frá í ársreikningnum.
12. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat séu viðeigandi.
13. Sveitarfélagið hefur engar þær fyrirætlanir sem geta haft veruleg áhrif á mat eða flokkun eigna og skulda í ársreikningnum.

14. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum sveitarfélagsins, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
15. Í ársreikningnum er greint frá öllum skaðabótakröfum, málaferlum, skattakröfum og öðrum kröfum sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
16. Í ársreikningnum er greint frá öllum kaupréttarsamningum auk samninga sem fela í sér skyldu sveitarfélagsins til innlausnar á eigin hlutum.
17. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áhrifa af atburðum eftir reikningsskiladag, ýmist með því að gera viðeigandi leiðréttingar eða veita upplýsingar um áhrif þeirra í skýringum.

Við lok endurskoðunar ársreikningsins kom fram skekkja vegna kostnaðarskjala sem tilheyra árinu 2012 en höfðu ekki verið gjaldfærð í bókhaldi sveitarfélagsins, samtals eru þetta kostnaðarskjöl upp á kr. 735.272.

## 5.2 Bókhald og geymsla á bókhaldsgögnum

Athuganir okkar hafa ekki leitt annað í ljós en að sveitarfélagið uppfylli ákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald.

## 5.3 Önnur verkefni

Á liðnu reikningsári höfum veitt lítills háttar aðra aðstoð, svo sem með staðfestingu á gögnum til ráðuneytis og jöfnunarsjóðs, aðstoð við afstemmingu á innheimtu skatta o.fl.

## 5.4 Skyldur stjórnar

Við höfum kannað að stjórn sveitarfélagsins uppfylli skyldur sínar í samræmi við sveitarstjórnarlög, þ.m.t. að hún setji sér starfsreglur og færi fundargerðarbók.

## 6. Niðurstaða

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikning Fljótshrepps er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2012, þeirri breytingu sem varð á handbæru fé á árinu og af efnahag þess þann 31. desember 2012, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Egilsstöðum, 4. júní 2013

Deloitte ehf.



Sigurður Álfgeir Sigurðarson  
endurskoðandi